

Ársskýrsla
AE starfsendurhæfingar



2019

Efnisyfirlit	
AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur	3
Grundvallarmarkmið	3
Stjórn félagsins	3
Starfsfólk	3
Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni	3
Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar	4
Markmið	4
Námskeið	5
Listanámskeið	5
Leiklist	6
LAN	6
Skák	6
Bíókvöld	6
Leikhús, menningarferðir o.fl.	6
Myndlistasýningar	7
Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur	7
Árangursmat	8
Hópviðtal	9
Viðtöl og rýnihópar	9
Starfsdagur	11
Samningur við Vinnumálastofnun	11
Samningur við Reykjavíkurborg	13
Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur	14
Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka	14
Fótboltaverkefnið FC Sækó	15
Verkefni 3. Úttektir	16
Ný verkefni	17
Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök	18
Nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum	20
Endurmenntun	22
Þakkir stjórnar	23

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu. Styðja fólk til þess að ná tökum á þeim á ný eða uppgötva ný hlutverk. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði MOHO, líkansins um iðju mannsins með áherslu á valdeflingu. Lögð er til þekking og reynsla notenda og fagfólks og unnið út frá jafningjagrunni. Samstarfið byggist á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Virkni er styrkt með ýmis konar iðju, s.s. verkefnavinnu, námskeiðapátttöku og sjálfböðastarfi. Þessi starfsemi fer að mestu fram í virknimiðstöðinni Hlutverkasetri, sem er starfrækt af AE starfsendurhæfingu. Hluti starfsins fer fram utan húsnæðisins, og má þar nefna FC sækó, sjósund og gönguferðir. Þar að auki er veittur stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað auk eftirfylgni. Einnig er hægt að fá stuðning við að hefja nám á ný og eftirfylgd á meðan námi stendur.

Stjórn félagsins

Engar breytingar urðu á stjórn á árinu. Sæunn Stefánsdóttir er formaður stjórnar og Þórólfur Árnason er varaformaður. Aðrir í stjórn eru; Andri Árnason, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Þór Sigfússon og varamaður er Elín Ebba Ásmundsdóttir. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk

Árið 2019 störfuðu 11 starfsmenn í sex stöðugildum í Hlutverkasetri og verktakar voru fimm. Fastráðnir starfsmenn eru Anna Henriksdóttir myndlistakennari, Bergþór G. Böðvarsson NsN starfsmaður, María S. Gísladóttir, fjöllistamaður og iðjuþjálfarnir; Andri Vilbergsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir og Helga Ólafsdóttir. Starfsfólk sem sinnti tímabundnum verkefnum og hlutastörfum voru Ágústa Ísleifsdóttir, Georg Jónasson, Kjell Þórir Seljeseth og Kristian Guttesen. Sylviane Lecoultré fór á eftirlaun fyrr en hún ætlaði sér á árinu vegna veikinda. Hún mun tengjast staðnum áfram sem sjálfböðaliði.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni

Hlutverkasetur hefur frá upphafi fengið iðjuþjálfunema í starfsnám enda áhersla lögð á samstarf á sem víðustum grunni í setrinu. Nemarnir hafa jafnt verið íslenskir sem og erlendir skiptinemar. Hlutverkasetur er virknimiðstöð byggð á markmiðum iðjuþjálfunar. Þar að auki leita nemendur í öðru framhaldsnámi á háskólastigi til Hlutverkaseturs til gagnaöflunar. Þekking og reynsla starfsfólks setursins og þeirra sem hafa notið endurhæfingar þar, hefur nýst jafnt í almenn námsverkefni sem og útskriftarverkefni.

Eftirfarandi iðjubjálfanemar voru í vettvangsnámi í Hlutverkasetri 2019:

- Bylgja Þrastarsdóttir var í janúar og febrúar í fjórða vettvangsnámi frá iðjubjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri.
- Katrine Carøe Rødsgaard, iðjubjálfanemi frá UCN Háskólanum í Jótlandi, var í apríl, maí og júní.
- Katharina Huber frá FH Joanneum, Austurríki, var í apríl, maí og júní.
- Tveir nemar frá University of Alberta Edmonton, Devon Gregory og Charlotte Haugan voru í september og október.
- Þrír iðjubjálfanemar voru í 3ja daga vettvangsnámi í september frá iðjubjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri.

Nemar sem leituðu til Hlutverkaseturs vegna verkefnavinnu árið 2019:

Nemi í iðjubjálfun frá Hollandi Maartje Van Erk tók skypeviðtal við Elínu Ebbu í tengslum við nýsköpun í geðheilbrigðiskerfinu, mannréttindamiðaða þjónustu, valdeflingu, félagslega virkni og samfélagsúrræði. Verkefni hennar fólst í samanburði við úrræði í Hollandi.

Guðrún Friðriksdóttir, iðjubjálfi vann ritgerð í námskeiði sem hét Forysta og breytingarstjórnun í MPA námi við HÍ um leiðtogahæfni, hún tók viðtal við Elínu Ebbu.

Þórhildur Elva Þórisdóttir, meistaranemi í félagráðgjöf til starfsréttinda við HÍ, leitaði til þátttakenda í Hlutverkasetri. Sjónarhorn verkefnisins var að gera úttekt á stefnu og aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í geðheilbrigðismálum. Hluti af verkefninu var að taka rýnihópaviðtöl við notendur opinberar geðheilbrigðisþjónustu og fá fram viðhorf notenda af stöðu geðheilbrigðismála á Ísland og hvort að aðgerðir stjórnvalda hafi haft tilætluð áhrif á þjónustuna.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið

Markmið Hlutverkaseturs er að aðstoða þátttakendur að auka lífsgæði þeirra, komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, hefja og/eða ljúka námi, eða finna sér vettvang í sjálfböðastörfum. Ríkur þáttur í starfinu er að efla félagsleg tengsl og rjúfa einsemd. Starfsemin byggir á því að efla trú einstaklinga á eigin áhrifamátt og getu. Að þátttakendur geri sér ljóst að sú iðja sem þeir taka sér fyrir hendur, fólkið sem það umgengst og umhverfisþættir hafi áhrif á heilsu og vellíðan þess.

Sérstaða Hlutverkaseturs er sú að öllum er velkomið að taka þátt og/eða hjálpa til og t.d. bjóða sjálfir upp á námskeið og fyrirlestra. Ekki er þörf á tilvísun frá lækni eða stofnunum til þess að mega taka þátt í starfinu. Mæting er á forsendum hvers og eins, sem og tímalengd verunnar í Hlutverkasetri.

Námskeið

Námskeiðin voru 33 talsins árið 2019, samanborið við 35 árið áður. Hluti af starfsemi Hlutverkaseturs hefur verið í höndum sjálfboðaliða. Virkir sjálfboðaliðar voru 20. Hluti af þeim koma úr röðum þátttakanda sem eru að nýta þekkingu sína sér og öðrum til gagns og ánægju. Einnig koma sjálfboðaliðar úr samfélaginu sem vilja láta gott af sér leiða og miðla af menntun og þekkingu sinni þátttakendum að kostnaðarlausu. Sjálfsprottin virkni er mikilvæg og eykur fjölbreytni og skapar einstaka menningu í daglegu lífi setursins. Vegna þeirra hafa þátttakendur getað mátað sig í nýjum hlutverkum og reynt ný áhugamál. Dæmi um sjálfboðaliðastarf er: súpueldhús, handavinnuhorn, jóga, söngstund, dáleiðsla, spuni og ýmiskonar spil.

Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess í námskeiðaflórinni. Fjallað verður ítarlega um myndlistina og leiklistina hér að neðan.

Dæmi um námskeið:

- Á tali; hópumræða
- Leiklist/spuni
- zumba
- yoga-leikfimi
- fótbolti
- LAN, tölvusamspil
- slökun
- gönguhópur
- handavinnuhorn
- sjósund
- skák
- súpueldhús
- tónlistarklúbbur
- fjölbreytt listanámskeið

Listanámskeið

Anna Henriksdóttir stýrir námskeiðunum í félagi við Svöfu Björgu Einarsdóttur og Maríu Gísladóttur. Að jafnaði sækja átta til 14 einstaklingar hvert námskeið í einu.

Starfið er brotið upp öðru hverju og haldnar Listvistarvikur sem fjalla um valið þema, listamenn, sköpunaraðferðir eða hugmynd. Reglubundin listanámskeið falla þá niður á meðan. Listvistarviku lýkur ávallt með samsýningu á þeim verkum sem unnin eru. Listvistin er líka auglýst hjá öðrum geðræktarúrræðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og hafa notendur frá þeim nýtt sér tilboðin á seinustu árum. Fjölbreytt listanámskeið hafa verið haldin alla daga vikunnar. Að jafnaði sækja átta til tíu einstaklingar þessi námskeið en ef fleiri mæta þá er rýmið fyrir framan listaherbergið nýtt. Listnýtingar í Hlutverkasetrinu. Í ár var fólki sem unnið hafði í listasmiðjunni boðið að setja upp myndlistasýningu. Markmiðið er m.a. að æfa sig í að setja upp sýningu og fá leiðsögn. Þeir sem hafa sýnt á árinu eru: Jenný Hjalmtýsdóttir sem sýndi í febrúar klippimyndir, vatnslitaverk, teikningar og olíumálverk undir heitinu *Augun mín og augun þín*.

Karl Kristján Davíðsson sýndi frá 18. mars til 15. apríl, 60 verk unnin í vatnsliti, olíu, krít og litblýant.

Finnbogi Árnason sýndi 20 prentuð myndverk sem unnin eru úr teiknibókum hans undir nafninu *Líflegar línur* frá 16. ágúst til 13. september.

María Gísladóttir og Heiðdis Schell sýndu saman *Nornir og englar* 19. september til 18. október.

Og þá sýndi Anna Henriksdóttir aðferðir gömlu meistaranna frá 25. október til 29. nóvember. Að lokum var samsýning með myndum af jólakettinum sett upp í byrjun desember og hékk uppi fram að þorra.

Leiklist

Í ár hafa leiklistaræfingar verið í tengslum við uppákomur. Bergþór og María Lovísa tóku við af Ednu sem sá um leiklistina en hafa ekki getað haldið æfingar reglulega. Spuninn hefur hins vegar tekið yfir og er vikulega. Ákveðinn kjarni hefur myndast í gegnum árin sem er hægt að leita til þegar leikhópurinn er beðinn um að sýna. Leiklistarhópurinn æfði leik-, söng- og dansverk sem nefndist *Ég heyri svo vel* og var sýnt tvisvar á tímabilinu. Fyrst á aðalfundi Hlutverkaseturs og síðan tvisvar í Borgarbókasafninu í Spönginni í tengslum við myndlistasýningar listahóps Hlutverkaseturs. Hópurinn sýndi tvisvar leikverkið *Jón er ekki við* í Vin á dögum Crazy Culture sem var í tilefni af 40 ára afmæli Geðhjálpar og á Litlu jólnum í Hlutverkasetri.

LAN

LAN er tölvuleikur í rauntíma leikinn með samtengdum tölvum. Íbúar frá Bríetartúni, Laugarási og Batamiðstöðinni nýttu sér tilboðið um samspil, en mættu óreglulega. Opið Lan var einu sinni í viku þar sem sex geta spilað í einu.

Skák

Tveir gestir frá Vin mættu einu sinni í viku og kenndu skáklistina í tafklúbbnum, sem hluta af samstarfi á milli Vinjar og Hlutverkaseturs. Mættu fimm til sjö reglulega. Flestir sem mæta í tafklúbbinn búa í íbúakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar. Á vegum taffélagsins Hróksins, hafa verið haldin nokkur skákmót á árinu sem þátttakendur Hlutverkaseturs hafa tekið þátt í.

Bíókvöld

Iðjupjálfanemar settu af stað bíókvöld einu sinni í viku eftir hefðbundna dagskrá. Bakaðar voru pizzur og poppað (8 – 10). Íbúum frá nærliggjandi kjörnum er send auglýsing og látnir vita að þeir séu velkomnir þó að þeir stundi ekki setrið reglulega.

Leikhús, menningarferðir o.fl.

- Farið var í Borgarleikhúsið: HÚH best í heimi (20), Stórskáldið (25), Suss (20 manns) og danssýningu Um hvað syngjum við (10).
- Farið var á tónleika KK í leikhúsi Hafnafjarðar (25).
- Farið var á fjóra tónleika á Kjarvalsstöðum úr tónleikaröðinni

Töframáttur tónlistar, sem Gunnar Kvaran hélt utan um.

- Í maí fóru 20 manns í sumarbústað og gistu í 3 nætur. Farið var í gönguferðir og sund á hverjum degi. Þetta er í þriðja sinn sem notendur Hlutverkaseturs gefst kostur á að fara í sumabústaðaferð. Það er vegna starfsemi Bergmáls sem lánar bústaðinn endurgjaldslaust og góðs samstarfs við Samhjálp sem styrkir hópinn með ýmsum mat. Fólk náði að tengjast vel í þessari ferð og myndaðist kvennahópur sem hittist reglulega utan Hlutverkaseturs, fer í göngutúra, á kaffihús og í bíó.
- Hlutverkasetur bauð gestum og gangandi upp á ókeypis faðmlög og knús á Menningarnótt, líkt og undanfarin ár.
- Sjósvand er stundað vikulega allan ársins hring á Ylströnd Reykjavíkur. Í ár tókst að mynda hóp (5) frá hausti sem fór 4 – 5 sinnum í viku og myndaði facebookhóp til að láta vita hvenær yrði farið.
- Tólf manna hópur frá Hlutverkasetri fór að skoða Sjávarklasann undir leiðsögn Þórs Sigfússonar stofnanda hans.
- Fótboltaverkefni FC Sækó og myndlistasýningar.
- Geðhjálp hélt spurningarkeppni og fulltrúar Hlutverkaseturs mynduðu 2 hópa og annar vann þriðja sætið.

Myndlistasýningar

Tvær listasýningar voru í Borgarbókasafninu í Spönginni menningarhúsi. Sú fyrsta bar nafnið *Okkar venus*. Sýningin var frá 23. mars til 27. apríl. Leikhópur Hlutverkaseturs var með gjörning af tilefninu. Sautján listamenn tóku þátt þar sem 42 myndir voru sýndar og 26 leirstyttur.

Unnið var að smáhúsagerð og ullarþæfingu allt árið og í byrjun nóvember var seinni sýningin. Sú sýning stóð út framyfir áramót. Þar voru til sýnis 15 hús, 30 ullarsmádyr, 3 handbrúður, 5 olíuverk, 25 vatnslitaverk, 5 teikningar og 3 styttur. Sýningin bar nafnið *Ævintýralandið*. Hún var einstaklega barnvæn þar sem öll húsin og dýrin voru höfð til sýnis í hæð við börnin. Það var því auðvelt fyrir þau að skoða og þau máttu snerta ullardýrin. Spunaleikhópur Hlutverkaseturs var með uppákomu við opnunina og lék brúðuleik með 6 handbrúðum sem Björgvin Eðvaldsson hafði hannað hjá Önnu á brúðugerðarnámskeiði.

Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur

Fjölmargir starfsmannahópar og einstaklingar komu til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að auka samstarfið á milli staða,

- Geðheilsuteymi Reykjalundar kom á starfsdegi sínum í mars (13).
- Í apríl kom starfsfólk frá MS Setrinu í heimsókn og starfsfólk frá íbúakjörnum Akureyrar (13) kom vegna vettvangsferðar til Reykjavíkur. Elisabeth Schnegg-Primus fyrrverandi skólastjóri Bad Gleichenberg, Austurríki og franskur iðjupjálfi sem starfar með börnum komu einnig í apríl.

- Fulltrúar úr starfshóp á vegum heilbrigðisráðuneytisins komu og fundu með nokkrum þáttakendum. Verkefni þeirra var að finna leiðir að draga út fordómum í garð fólks sem glímir við geðrænar áskoranir.
- Gunnar Kvaran kom tvisvar á árinu og spilaði Svítu nr, 1 og 2 eftir J.S. Bach. Tónleikarnir vöktu sterkar tilfinningar enda spilað af mikilli næmni og fagmennsku.
- Í maí komu geðlæknar (8) frá geðsviði LSH og kynntu sér starfsemina með ósk um samstarf sem og starfsfólk í sérhæfðu endurhæfingarteymi á Kleppi (16). Velferðarráð Reykjavíkur ásamt Regínu Ásvaldsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs komu í kynningu og til að ræða samninginn og atvinnumál.
- Á haustmánuðum komu í heimsókn starfsfólk Tinnu verkefnisins sem er úrræði fyrir einstæða foreldra sem nýta sér fjárhagsaðstoð frá Rvk og vilja breytinga í lífi sínu (10). Starfsfólk þjónustumiðstöðvar Breiðholts komu einnig í kynningu sem og starfsfólk úr geðheilsusteymi austur og vestur.
- Tveir starfshópar frá Danmörku komu, annar í maí og hinn í ágúst. Sextíu starfsmenn komu frá stofnun sem heitir *Den Sociale Udviklingsfond* og markhópur þeirra eru ungmenni og fullorðnir sem eiga erfitt með að fóta sig í samfélaginu vegna persónu- og félagslegra áskoranna. Sumir eru með geðgreiningar og/eða fíkn eða eru á einhverfurófi/athyglisbrest o.s.frv. Þeir aðstoða fólk með búsetu, liðveislu, atvinnu og menntun. Þeir vildu kynna sér skjólstæðingshóp Hlutverkaseturs og hvernig tekst til með að blanda ólíkum hópum saman í starfseminni.
- Í júní komu iðjupjálfar (23) í heimsókn víðs vegar frá Noregi til að kynna sér starfsemi Hlutverkaseturs.
- Starfsfólk þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis kom í heimsókn á starfsdegi til að kynna sér starfsemi Hlutverkaseturs og nýir starfsmenn VMST komu einnig. Mars Fewngu sem sinnir heimilislausum í Danmörku kom til að kynna sér starfsemina. Hennar starf er að tengjast heimilislausum sem eru veikir, þurfa aðstoð eða eru deyjandi. Hún sér einnig um jarðarfarir þeirra sem eiga engan að.

Árangursmat

Úttektir og mat á árangri Hlutverkaseturs eru starfseminni mikilvæg. Iðjupjálfanemar í starfsnámi frá heilbrigðisvísindasviði HA sem og erlendir iðjupjálfanemar hafa lagt árangursmat fyrir notendur Hlutverkaseturs sem hluta af sínu starfsnámi. Matsaðferðir hafa verið fjölbreyttar s.s. viðtöl, spurningalistar, rýnihópar o.fl. Úrvinnsluaðferðir eru ýmist eigindlegar eða meginndlegar. Í ár voru voru tvær úttektir gerðar fyrri af Bylgju Þrastardóttur iðjupjálfanema, sem tók hópviðtal, seinni af kanadískum

iðjubjálfanemunum Devon Gregory og Charlotte Haugan sem voru með rýnihópa.

Hópviðtal

Bylgja tók hópviðtal við þátttakendur í Hlutverkasetri í febrúar. Hún valdi ákveðin dag og spurði þá sem voru mættir þann daginn hvort einhver af þeim væri tilbúnir að taka þátt. Fjórir voru tilbúnir. Tilgangur viðtalanna var að fá fram reynslu og upplifun þeirra af þátttöku sinni.

Helstu niðurstöður voru að Hluverkasetri var lýst sem frjálsegum stað þar sem fólk kemur saman, nýtur samverunnar yfir kaffibolla, skapandi iðju, þátttöku á námskeiðum o.fl. Helstu kostirnir voru að staðurinn sé opinn öllum, andrúmsloftið væri gott og mikil ánægja var með starfsfólkið. Jafnframt var starfsemin fjölbreytt, allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi og hver einstaklingur kom á sínum forsendum. Það sem þótti skorta var aðgengi að bílastæðum og að boðið væri upp á hádegismat. Fjölbreyttari hreyfing var eitt af því sem viðmælendum fannst vanta inn í dagskránnu, t.d. skipulagðar sundferðir, léttir hreyfihópar og teygjur. Viðmælendur voru með ýmsar hugmyndir af viðbót við Hlutverkasetur, t.d. að hafa umræðuhópa reglulega þar sem notendum gæfist tækifæri til þess að koma með sínar hugmyndir og vangaveltur. Einnig kom hugmynd að útbúa hugmyndakassa þar sem notendur Hlutverkaseturs geta komið með sínar hugmyndir um vettvangsferðir, s.s. sundferðir, bíóferðir eða kaffihúsaferðir.

Viðtöl og rýnihópar

Devon og Charlotte kanadísku iðjubjálfanemarnir tóku rýnihópviðtöl í október og nóvember. Markmið viðtalanna var tvenns konar. Í fyrsta lagi að fá fram hvort eitthvað í starfsemi Hlutverkaseturs væri sérstakt. Í öðru lagi hvort þátttakan hefði haft áhrif á bataferli þeirra. Bataferli fólks er einstaklingsbundið. Fyrir marga tengist bati það að ná markmiðum sínum, aukin lífsgæði, uppbyggileg tengsl, jákvæðari sjálfsmynd, aukin bjartsýni, finna tilgang og öðlast hlutverk sem hafa þýðingu og gildi. Nemendur skoðuðu svörin því með tilliti ofangreindra þátta.

Tekin voru viðtöl við átta einstaklinga fjórar konur og fjóra karla í rýnihóp. Öll höfðu reynslu af fleiri úrræðum. Hvert viðtal tók u.þ.b. klukkustund. Viðtölin voru afrituð og greind í þemu. Tekin voru tvö hópviðtöl þar sem þemun voru nýtt til að fá frekari upplýsingar. Fjórir einstaklingar tóku þátt í hvorum hóp sem tók um klukkutíma.

Eftirfarandi þemu komu fram í viðtölunum; að tilheyra, fjölbreytni, tengsl og virkni.

Hlutverkasetur skapaði umgjörð fyrir þá sem nýttu sér staðinn reglulega að þau tilheyrðu ákveðnum hópi. Hópi sem kunnir að meta þau og höfðu jákvætt viðhorf til þeirra.

Sérstaða Hlutverkaseturs:

- Frelsi til að velja hvort tekið sé þátt í námskeiðum eða annari iðju
- Geta komið og farið að vild eftir líðan hverju sinni
- Mynda tengsl við fjölbreyttan hóp af fólki
- Skynja að vera hluti af stærra samhengi/fjölskyldu
- Andrúmsloftið frjálst og góð tilfinning að tilheyra hópnum
- Læra samneyti við aðra/félagsfærni í daglegum störfum
- Lágþröskulda þjónusta, án skilgreininga, ekki verið að meta, greina né sjúkdómsgera
- Fjölbreyttni í vali á iðju

Það sem mátti bæta:

- Vildu vera minntir á hvenær námskeið væru og hvenær þau byrjuðu
- Vildu alltaf hafa einhvern til taks að taka á móti fólki
- Vöntun á rými þar sem ríkti þögn, stundum væri of mikill erill
- Vildu að einhver ákveðinn aðili sæi um þrífing
- Skortur á ungu starfsfólki
- Fleiri tilboð utan dyra
- Námskeið til að auka ákveðna færni.

Bataferli:

Þegar skoðað var frekar hvort þátttaka þeirra hefði áhrif á bataferli, kom eftirfarandi fram. Þátttakan hjálpaði viðmælendum að ná meira sjálfstrausti til að geta staðið betur með sjálfum sér og orðið eigin talsmenn. Þeim fannst gott þegar þeir uppgötvaðu að starfsfólkið gæti orðið hluti af þeirra stuðningsneti. Þátttakan tengdi þá við annað fólk í svipuðum sporum. Þátttakendur fengu hugmyndir að takast á við hindranir og uppgötva aðra staði sem þeir vissu ekki að væru til og hægt væri að fá frekari aðstoð hjá. Eins var gott að uppgötva á eigin skinni hvað rúttína og virk þátttaka skipti miklu máli fyrir betri líðan. Þeim fannst þau hafa lært betur á sjálfan sig og hvað það skiptir miklu að hafa val. Þeim fannst líka skipta máli að taka þátt í iðju sem veitti þeim gleði. Þau fundu fyrir létti að geta verið heiðarleg og sagt hvað þeim fyndist. Hættu að segja hluti sem þeir héldu að aðrir vildu heyra. Fannst þátttakan auka jákvæðar hugsanir og að þau brostu meira. Þátttakan ýtti undir löngun að ná reglulegum svefni, borða hollara, hreyfa sig og/eða takast á við fíknivanda.

Þeir sögðu að nokkrir staðir byðu upp á svipaða þjónustu og Hlutverkasetur. Sérstaðan væri fólgin í andrúmsloftinu. Léttleiki og að allir taki þátt, hvort sem það var að taka á móti fólki, halda staðnum hreinum eða að gefa af sér. Starfsemin ýtti undir að þátttakendur gerðu sér grein fyrir að allir hefðu áhrif og hver og einn skipti máli. Það að taka ábyrgð ekki bara á sjálfum sér, heldur líka að aðstoða aðra, láta fólk vita ef eitthvað breyttist eða að námskeið væru að byrja. Eins að taka ábyrgð á að viðhalda

góðum verkefnum sem namar hefðu sett af stað, t.d. útivera og að fara í sund. Þegar þeir uppgötvuðu að starfsmenn þurfa ekki alltaf að vera til staðar.

Starfsdagur

Sú hefð hefur skapast að hafa starfsdag einu sinni á ári þar sem teknir eru fyrir ákveðnir þættir í starfseminni. Árlegur starfsdagur var haldinn þann 24. október. Um 50 manns tóku þátt, hluta úr degi eða allan daginn. Iðjubjálfanemar skipulögðu fyrra hluta dagsins. Þeir kynntu niðurstöður af viðtölum og rýnihópum sem þær tóku; hvað væri sérstakt við þjónustuna í Hlutverkasetri og skilgreiningu á þrautseigju sem tengdist valdeflingu og bataferli. Trausti Ólafsson kom seinni hluta dags og stýrði umræðum sem sköpuðust eftir innlegg nemendanna. Hann nýtir sér aðferðir psykodrama þannig að fólk fékk tækifæri að tjá sig með og án orða í hópaverkefnum.

Samningur við Vinnumálastofnun.

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar (VMST) og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi að aðstoða með sértækum endurhæfingaraðgerðum einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf/hlutverk við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Í öðru lagi stendur úrræðið einnig þeim til boða sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Úrræðið hentar einnig þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum. Samningurinn gildi til ársloka 2019 og var endurnýjaður til tveggja ára í lok ársins

Í hverri viku koma á milli 5 – 12 einstaklingar í kynningu, þetta geta verið notendur, namar, fagfólk og aðstandendur. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar s.l. ár og uppfylla skilgreininguna varðandi þjónustuflokka 1 – 5 voru 149 (152) einstaklingar. Innan sviga til samanburðar er fjöldinn fyrir árið 2018. Í hverjum mánuði komu 65-88 (66-94). Kynjahlutfallið var karlar 65 (74) en konur 84 (78) og meðalaldur var 45 ár (43) (tafla 1). Við komuna í Hlutverkasetur meta iðjubjálfar mismunandi þarfir hvers og eins. Einstaklingar sem þurfa lítinn sem engan stuðning tilheyra fyrsta flokknum og svo eftir sem þörf á stuðningi eykst hækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2 – 4 (tafla 3).

Komur, aldur og kynjahlutfall


	2019	2018
Komur á ári	149	152
Komur á mánuði	65-88	66-94
Meðalaldur	45	43
Karlar	65	74
Konur	84	78

Tafla 1

Aldursdreifing þátttakenda

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-29	20	13,4
30-39	37	24,8
40-49	40	26,8
50-59	36	24,2
60+	16	10,7
Alls	149	100

Tafla 2



Tafla 3

Þegar framfærsla er skoðuð eru flestir þátttakendur á örorkubótum og endurhæfingarlífeyri 72% (108), sjá töflu 4. Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík 80% (119). Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda. Þeir sem koma á eigin vegum hefur fækkað aðeins á milla ára frá um helming þátttakanda niður í 43% (64). Flestum er vísað frá fagaðilum af geðsviði LSH og öðrum fagaðilum 42% (62). Hluti hópsins sem segist hafa komið á eigin vegum hefur í upphafi verið bent á Hlutverkasetur í gegnum VMST eða VIRK. Á þeim tíma hafa þeir ekki verið tilbúnir að taka þátt og koma því seinna. Þegar þeir taka þátt koma þeir því að eigin frumkvæði en ekki vegna tilvísunar.

Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Veran leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Töluverður fjöldi er einnig með

eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.

Innkoma

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnaleysibætur	9	6
Örorkubætur	75	50
Endurhæfingarlífeyrir	33	22
Félagsstyrkur	5	3
Vinna	10	7
Óþekkt	9	6
Sjúkradagpeningar	8	5
Nemi	0	0
Samtals	149	100

Tafla 4

Búseta þátttakanda

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Reykjavík	119	80
Kópavogur	10	7
Garðabær	0	0
Hafnarfjörður	12	8
Mosfellsbær	3	2
Seltjarnarnes	1	1
Reykjanesbær	2	1
Vogar	0	0
Annað	2	1
Alls	149	100

Tafla 5

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	8	5
LSH	34	23
VMST	1	1
Á eigin vegum	64	43
Önnur úrræði	10	7
Virk	4	3
Aðrir fagaðilar	28	19
Samtals	149	100

Tafla 6

Samfélagsþátttaka

Hvert	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	87	58
Vinna	14	9
Nám	4	3
Önnur úrræði	40	27
Annað	4	3
Bið	0	0
Samtals	149	100

Tafla 7

Samningur við Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg samdi við Hlutverkasetur til þriggja ára, frá 2019 - 2021.

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur

Verkefni 2: Verkefni um atvinnuþátttöku og eða aðra samfélagsþátttöku.

Verkefni 3: Úttektir

Frá áramótum hafa 35 (34) einstaklingar verið skráðir hjá Reykjavíkurborg, í tengslum við almenna starfsendurhæfingu. Innan sviga eru tölur frá 2018. Um er að ræða 29 (26) karla og 6 (8) konur, þar af eru 26 (23) Íslendingar og 9 (11) af erlendum uppruna. Frá áramótun hafa 6 (21) einstaklingar af erlendum uppruna leitað aðstoðar til að finna út hvert þeir eigi að leita. Af þeim hafa 5 (15) fengið ráðgjöf, einn (6) fengið aðstoð sem tengist samskiptum við stofnanir. Sylviane Lecoultre hefur sinnt einstaklingum af erlendum uppruna sem eru frönskumælandi. Sylviane slasaðist í byrjun mars

og kom ekki aftur til vinnu. Engin mun taka við hennar hlutverki. Hún kom sem sjálfboðaliði hálfan daginn og tók á móti fólki sem leitaði til hennar.

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur

Bergþór G. Böðvarsson hefur að mestu séð um þennan hluta samningsins, valdeflingu og réttindi fatlaðs fólks samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna. Hann ásamt starfsmanni Geðhjálpar kynnti niðurstöður NsN úttektar tvisvar sinnum í marsmánuði í tengslum við þjónustukönnun í búsetukjörnum á vegum Reykjavíkurborgar fyrir forstöðumönnum búsetukjarna (5) og deildarstjórum velferðarsviðs (8). Hann kynnti starfsemi Hlutverkaseturs í Batamiðstöðinni í apríl (5). Í maí fundaði hann með Gunnarsbraut (5) og Bríetartúni (4) um leiðir til að virkja íbúa.

Í júní lauk tímabili Bergþórs sem Reykvíking ársins með fundi með borgarstjóra og viðurkenningarskjali. Í júní var fundað með íbúum og starfsfólki Dalbrautar (7) þar sem kynnt var dagskrá Hlutverkaseturs, hlutverk NsN og hann kynnti sér áhugamál íbúa og fleira. Sama efni var tekið fyrir í Lindargötu 27 (6) og á Flókargötu 29 – 31 (8) í júlí. Í september fóru fulltrúar Hlutverkaseturs (3) til að funda með starfsfólki Gunnarsbrautar (7) og Sóleyjargötu (8). Þar var m.a. rætt um mikilvægi þess að starfsfólki íbúakjarnanna líði vel í Hlutverkasetri og hafi áhuga á að koma þangað sjálf til að geta betur hvatt íbúa til þátttöku. Auk funda hefur Bergþór sinnt einum íbúa reglulega frá Skarphéðinsgötunni í gegnum símasamskipti. Hann hefur nýtt Facebook til að viðhalda áhuga íbúa á fótboltanum og til að minna þá á að mæta.

Elín Ebba og Helga funduðu með Ólafíu Hinriksdóttur, sem er með yfirumsjón með málefnum fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg og Sigmari Þóri Ármannsynni forstöðumanns Liðsaukans til að kanna möguleika á samstarfi. Þær funduðu einnig með forstöðumönnum íbúakjarna fyrir geðfatlaða í tengslum við samninginn og hvernig eigi að nýta starfsfólk til frekari samstarfs. Elín Ebba og tveir skjólstæðingar Hlutverkaseturs tóku þátt í samráðsfundi með Þóru Kemp og Maríu Rúnarsdóttir o.fl. vegna breytinga á reglum um fjáhagsaðstoð.

Elín Ebba, Helga, Bergþór og Kristian funduðu með Ólafíu Hinriksdóttur og tveimur forstöðumönnum út af NsN úttektinni sem verður framkvæmd á tímabilinu 2019 -2021.

Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka

Hlutverkasetur heldur utan um þá íbúa sem búa í íbúakjörnum og fengu störf sem liðveitendur (3). Eitt nýtt starf skapaðist á árinu. Vonin var að fleiri störf sköpuðust en skortur á fjármagni var sögð ástæða þess að ekki hafi fleiri fengið vinnu. Tveir einstaklingar bættust við á árinu við þá 13 einstaklinga með notendareynslu sem hafa fengið vinnu tímabundið í 20-40% hlutastörfum í Hlutverkasetri.

Í tengslum við ýmsa virkni og samfélagsþátttöku, sjá nánar ofar, erum við komin með lista yfir áhugasama íbúa frá íbúakjörnum. Þetta eru einstaklingar sem mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur en vilja vera með t.d. þegar farið er í leikhús.

Fótboltaverkefnið FC Sækó

Verkefnið er afrakstur af einni NsN úttitektinni 2011 og er samstarfsverkefni á milli Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Landspítalans Háskólasjúkrahúss. Æfingar á tímabilinu 1. jan. – 30. sept. voru tvisvar í viku, alls 91 talsins. Þrjár æfinganna voru á sjálfum Laugardalsvelliðum í boði KSÍ (þar sem einungis landslið fá að æfa). Á þessu tímabili var byrjað að huga að utanlandsferð FC Sækó sem farin verður 2020. Fjórir liðsmenn FC Sækó tóku þátt í Reykjavíkummaráðuninu og söfnuðu samtals 134.500 kr.

Viðburðir á tímabilinu voru eftirfarandi: 23. febrúar var haldið fótboltamót í Fífunni í Kópavogi þar sem spilað var við Old boys lið frá Breiðabliki og Þrótti og tvö lið frá Öspinni. FC Sækó var með tvö lið, alls tóku 18 notendur FC Sækó þátt í mótinu. Þann 17. apríl var æfingaleikur við lið Hákarla sem var með FC Sækó í Gulldeildinni. Sjö notendur tóku þátt í þeim leik. Þann 7. maí – 20. ágúst tók FC Sækó þátt í Gulldeildinni í fótbolta þar sem keppt er í 7 manna fótbolta. Spilaðir voru 9 leikir, hver leikur 2 x 25 mínútur. 16 notendur, liðsmenn FC Sækó, tóku þátt í þessum leikjum, þar af voru 5 íbúar. Þann 16. – 18. maí fóru 10 liðsmenn FC Sækó til Akureyrar þar sem lið FC Múrbrjóta bauð upp á æfingu og svo var spilaður leikur á milli liðanna. Þessi leikur var merkilegur fyrir margra sakir því lið Múrbrjóta var stofnað eftir heimsókn FC Sækó til Akureyrar þar sem þeir kynntu verkefnið og sögðu frá utanlandsferð. Kynningin var bæði á meðal íbúa í búsetukjörnum á vegum Akureyrarbæjar og einnig voru þeir með innlegg á málþingi um geðheilbrigðismál sem heilbrigðisdeild iðjuþjálfunarfræði á HA hélt.

Þann 14. ágúst var haldið Sumarmót á Kleppi þar sem keppt var í 5 manna fótbolta á grasvelliðum. Liðsmenn FC Sækó dreifðu sér í lið sinna kjarna eða deilda en eitt lið var bara samansett liðsmönnum FC Sækó. Önnur lið voru blönduð, stelpur, strákar, notendur, starfsfólk og aðrir. Sex lið tóku þátt en fjöldi leikmanna, skiptimanna og áhorfenda taldi um 80 manns. Þann 29. ágúst og 2. september fóru liðsmenn FC Sækó á landsleik hjá A liði Íslenska kvennalandsliðsins. Sextán fóru á fyrri leikinn og 14 á þann seinni. Miðarnir voru í boði KSÍ. Fundir á tímabilinu voru samtals fjórir. Tvö mót voru haldin í desember, annarsvegar sem FC Sækó hélt í Fífunni, þar sem lið frá Þrótti old boys og Öspin mættu með sitt hvort liðið og FC Sækó var með tvö lið. Dómari frá KSÍ kom til að dæma á öðrum velliðum en spilað var á tveimur völlum samtímis svo einn úr hópi FC Sækó sem ekki var að spila sá um dómgæslu á hinum velliðum. Þann 26. desember var FC Sækó boðið að vera með lið á mót

sem Þróttur old boys hélt á gervigrasinu í Laugardal. Þangað mættu einnig lið frá Létti old boys og Gróttu old boys.

Verkefni 3. Úttektir

Geðhjálp og Hlutverkasetur framkvæmdu þjónustukönnun með NsN aðferðinni í búsetukjörnum Reykjavíkurborgar fyrir geðfatlaða, sem hófst árið 2018 með viðtölum. Í byrjun árs 2019 var skýrslan tilbúin. Sjónum var beint að fjórum þáttum; að kanna daglega virkni íbúa, hvort íbúar þekktu til hugtaksins *valdefling* og hvað hún felur í sér, hvort íbúar hugleiddu að flytja úr kjörnunum í sjálfstæða búsetu í nánustu framtíð og hvaða stuðning þeir teldu sig þurfa á að halda til að geta búið sjálfstætt. Eins var kannað hvort íbúar væru meðvitaðir um mannréttindi sín, eins og þeim er lýst í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Úttektin náði til fimm íbúakjarna. Þar bjuggu samtals 54 einstaklingar. Af þeim, sóttu 26 manns íbúafundina þar sem verkefnið var kynnt. Sextán af þeim sem fengu kynningu kusu að taka þátt í rannsókninni. Tvær konur og 14 karlar tóku þátt. Meðalaldur þátttakenda var 44 ár, yngsti þátttakandinn var 30 ára og sá elsti 60 ára. Íbúar höfðu búið að meðaltali í sjö ár í viðkomandi þjónustukjarna, styðst í eitt ár og lengst í 11 ár. Góð virkni mældist hjá 14 af 16 viðmælendum. Af þessum 14, voru fjórir í vinnu og tveir í námi, aðrir stunduðu mismunandi áhugamál, flestir í Hlutverkasetri eða Vin. Valdefling. Þrettán viðmælendur sögðust ekkert kannast við hugtakið. Enginn viðmælendanna sagðist hafa fengið fræðslu um hugtakið.

Mannréttindi. Átta viðmælendur höfðu ekki kynnt sér samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eða hugsað mikið um réttindi sín. Aðrir viðmælendur sögðust hugsa um mannréttindi að einhverju leyti. Algengar vangaveltur sem fylgdu umræðu um mannréttindi voru fordómar, þvingun, barneignir og lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfstæð búseta. Tveir viðmælendur sögðust stefna að sjálfstæðri búsetu. Þessir viðmælendur voru með þeim yngri og höfðu ekki búið lengi á búsetukjarna. Aðrir höfðu ekki áhuga á að fara í sjálfstæða búsetu. Þeir voru búnir að koma sér vel fyrir, þótti gott að fá aðstoð frá starfsfólki kjarnanna og fannst almennt leiguverð of hátt. Margir nefndu óvissuþætti sem hamlandi þætti í umræðunni um sjálfstæða búsetu. Þessir óvissuþættir voru m.a. óvissa varðandi þróun geðheilsu, breytingar á þjónustu og daglegum venjum.

Umræða. Almenn ánægja var með þjónustu Reykjavíkurborgar, virkni einstaklinga var fjölbreytt, lítil þekking var á hugtakinu valdefling og viðmælendur höfðu lítið sem ekkert hugað að mannréttindum sínum. Áberandi niðurstaða var hversu lítinn áhuga viðmælendur höfðu af sjálfstæðri búsetu í nánustu framtíð. Mikilvægt er að halda umræðunni gangandi varðandi valdeflingu og mannréttindi. Skilgreina hvað felst í orðunum og hvort fólk leggi sömu merkingu í þau og hvernig það skilar sér í vinnu með íbúum. Ef fræðslunálgun er nýtt þarf að beita fleiri en einni nálgun. Þá er áhugavert að

velta því fyrir sér hvers vegna það séu bara tveir sem hafi áhuga á að fara í sjálfstæða búsetu í framtíðinni. Fyrir suma verða kjarnarnir varanlegt heimili en fyrir aðra ætti sjálfstæð búseta að vera eðlilegt framhald.

Ný verkefni

Í samningi milli Reykjavíkurborgar og Hlutverkaseturs stendur „að nýta hugmyndafræði NsN (Notandi spyr notanda) til að ná fram viðhorfum starfsmanna á heimilum fyrir fatlað fólk er lúta að þeim verkefnum sem eru efst á baugi hverju sinni. Á tímabilinu 2019 – 2021 verður aðferðarfræði NsN notuð til að auka samstarf húsnæðis fyrir fatlað fólk og styrkþega og kortlagning á áhugasviði starfsmanna og íbúa. Markmiðið er að íbúar og starfsmenn í húsnæði fyrir fatlað fólk geti nýtt sér á árangursríkari hátt úrræði styrkþega. Styrkveitandi felur tveimur forstöðumönnum að taka þátt í verkefninu“.

Á vormánuðum var haft samband við forstöðumenn fjögurra íbúakjarna. Fjórir fundir hafa verið haldnir í Hlutverkasetri, þar sem 2 – 5 fulltrúar frá stöðunum hafa setið fundina. Fulltrúar Hlutverkaseturs (3) hafa setið tvo starfsmannafundi á sitt hvorum kjarnanum. Nú þegar hafa tveir hópar verið settir á laggirnar. Annars vegar spunahópur þar sem tveir starfsmenn frá einum kjarnanum sjá um einu sinni í viku. Hinn hópurinn er borðtennis hittingur einu sinni í viku þar sem starfsmenn og íbúar frá einum kjarnanum mæta. Lanhópi er einnig verið að koma af stað og áhugi er fyrir því að starfsmenn og íbúar komi með í sjósund.

Þegar hafa komið fram hindranir sem tengjast skipulagi kjarnanna. Áhuga vantar ekki frá starfsmönnum. Það er hins vegar ekki hægt að tryggja að ákveðnir starfsmenn geti mætt reglulega sem er forsenda fyrir að aðrir íbúar í öðrum kjörnum geti notið góðs af ákveðnum námskeiðum. Til að halda uppi námskeiðum er forsenda að þeir falli ekki niður. Skoða þarf breytta forsendur fyrir ráðningu starfsmanna hvort t.d. hægt sé að ráða ákveðna starfsmenn þvert á nokkra kjarna til að bjóða upp á fótbolta, leikhóp, tónlist o.fl. Eins mætti skoða hvort starfsfólk fylgi ákveðnum íbúum en ekki að starfsfólk fylgi ákveðnum kjörnum. Margir íbúar fá fullnægt stórum hluta af sínum félagslegu þörfum á meðal starfsfólks og finna því enga þörf að taka stærri skref. Athuga þarf hvort hægt sé að gera íbúana sjálfstæðari í einhverjum kjörnum þannig að þeir geti nálgast starfsmenn með að hringja í þá ef eitthvað bjátar á eða nýtt neyðarlínuna 112 í stað þess að ganga að starfsfólki vísu í starfsmannaíbúðunum. Byrjað var að taka viðtöl við starfsmenn í lok árs.

Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur er með samstarf við önnur úrræði og stofnanir til að þekking nýtist sem best á milli staða og til þess að meiri samfella og stuðningur sé við einstaklinga á milli úrræða. Eins hefur Hlutverkasetur tekið þátt í verkefnum sem hafa samfélagslegt gildi. Sem dæmi um samvinnu þá vinnur Bergþór G. Böðvarsson bæði í Hlutverkasetri, Batamiðstöðinni LSH v/Klepp og kennir í Bataskólanum. Á haustmánuðum hóf hann einnig störf við Geðheilsuteymi austur sem er ný heilsugæslustöð sem sinnir geðsjúkum. Ágústa Ísleifsdóttir hóf einnig störf hjá heilsugæslunni í Geðheilsuteymi vestur og vinnur því á báðum stöðum sem gefur mörgum skjólstæðingum samfellu á milli úrræða. Andri Vilbergsson fer einu sinni í viku á Batamiðstöðina að Kleppi og tengist skjólstæðingum þar sem vilja vinna. Fystu viðtölin fara fram á Batamiðstöðinni en stuðningurinn færir síðan yfir til Hlutverkaseturs. Elín Ebba tók að sér kennslu og var með í hugmyndavinnu í Bataskólanum.

Samstarf við geðsvið LSH. Iðjuþjálfar á geðsviði LSH við Hringbraut koma reglulega með skjólstæðinga í Hlutverkasetur í tengslum við námskeið á þeirra vegum. Batamiðstöðin á Kleppi kemur reglulega með skjólstæðinga í kynningu. Formlegur samstarfssamningur var gerður á milli Batamiðstöðvarinnar að Kleppi varðandi atvinnuþátttöku. Iðjuþjálfar á Laugarási funduðu nokkrum sinnum til að koma á samstarfi á milli staða. Byrjað var á að bjóða upp á LAN og samveru í skapandi iðju. Ákveðinn starfsmaður frá Laugarási er tengiliður og kom í kynningu með skjólstæðinga, og prófaði að taka þátt hluta af starfseminni.

Samstarf milli geðræktarúrræða. Fulltrúar frá geðúrræðunum hittast á mánaðarlegum fundum í húsnæði Geðhjálpur sem kallast; *Samráð geðúrræðanna á stór Reykjavíkursvæðinu*. Tveir fulltrúar frá Hlutverkasetri eiga sæti í hópnum.

Samstarf við Vin. Tveir félagar í Vin, koma einu sinni í viku og kenna taflmennsku (6-8). Haldin voru skákmót í Vin og að Kleppi þar sem fulltrúar frá hópnum tóku þátt.

Samstarf við Vinnumálastofnun. VMST aðstoðar við atvinnuleit og gerð vinnustaðasamninga og Hlutverkasetur sér um aðlögun og eftirfylgd á vinnustaðnum. Mánaðarlegir fundur hafa verið haldnir við fulltrúa VMST. Markmið með þessum fundum er að auka samstarf á milli staða og einnig til að ræða einstaklinga sem eru í starfsendurhæfingaferli og eru reiðubúnir til atvinnuþátttöku. VMST sendir einstaklinga í Hlutverkasetur sem þurfa meiri virkni og betri daglega rútinu sem undirbúning fyrir vinnumarkaðinn. Sex samstarfsfundir hafa verið haldnir á árinu.

Samstarf við Irina Maksimoska. Irina kom einu sinni í viku og kynnti fyrir þáttakendum sjónræna frásögn sem tjáningarleið í gegnum vefmiðla.

Markmiðið er að koma stuttum frásögnum frá sér og deila í gegnum netið (5). Notaðar eru ljósmyndir, teiknimyndir eða málverk.

Samstarf við Virk. Enn hefur ekki tekist að koma á formlegu samstarfi við Virk. Fundað var í byrjun árs til að finna farveg fyrir samstarf. Beðið hefur verið eftir skráningaraðferð sem Virk vill koma á hjá sér fyrst. Ráðgjafar Virk benda á Hlutverkasetur sem úrræði, en fylgja ekki eftir á hvern hátt þeir eru að nýta starfsemi Hlutverkaseturs, eða til að athuga hvort þeir séu tilbúnir út á vinnumarkaðinn. Hlutverkasetur hefur aðallega nýst skjólstæðingum sem eru að bíða eftir þjónustu hjá Virk, eða hefur verið hafnað um þjónustu.

Virk hefur stutt starfsemi Hlutverkaseturs með styrkjum síðast liðin þrjú ár.

Samstarf við Leiksmiðjuna Frigg. Trausti Ólafsson hefur boðið upp á vinnustofur í psykodrama frá stofnun Hlutverkaseturs. Hann tengist nú starfsemi Leiksmiðjunnar Friggjar í Garðabæ. Í október var boðið upp á tveggja daga námskeið í psykodrama. Einnig var skjólstæðingum boðið einn eftirmiðdag í viku frá október að sækja opin leiklistarnámskeið hjá Trausta. Hann stjórnaði einnig hluta af starfsdeginum.

Samstarf við Peers námskeið í félagsfærni. PEERS er námskeið í félagsfærni fyrir ungt fólk með geðrænar áskoranir og foreldra þeirra. Hlutverkasetur hýsti tvö námskeið á þeirra vegum, meðan þau voru að finna varanlega stað fyrir sín námskeið. Tveir skjólstæðingar Hlutverkaseturs nýttu sér námskeiðin.

Bæklingurinn Krossgötur. Hlutverkasetur tók þátt í gerð bæklinga á vegum Geðhjálp þar sem úrræðin eru kynnt undir einum hatti.

Amnesti International. Hlutverkasetur tók að venju þátt í árvissri undirskriftarsöfnun á vegum *Amnesty International* til að vekja athygli á mannréttindabrotum víða um heim.

Samstarf við Jakob S. Jónsson. Hópur á vegum Swedish Project for Internships Abroad, er verkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára, sem stendur utan vinnumarkaðar. Hópur á þeirra vegum kom árið 2017 og var þá í 6 vikur. Í ár kom aftur 10 manna hópur en var í styttri tíma. Hópurinn kom um miðjan nóvember og var í 3 vikur. Sveitarfélög þátttakenda fjármagna SPACE. Samvinna SPACE og Hlutverkaseturs var skipulögð af Hlutverkasetri og tengiliði SPACE á Íslandi, Jakobi S. Jónssyni. Fleiri notendur fengu hlutverk í gegnum verkefnið svo sem að kynna Reykjavík fyrir þátttakendum, fóru á leiksýningu sem hét Suss og var sýnd á ensku með umræðum, kynntu borgina og tóku þátt í verkefnum í Hlutverkasetri. Þátttakendurnir voru tíu talsins og voru ánægðir með dvöl sína í Hlutverkasetri og framlag setursins til þeirra.

Nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum

Mikilvægi félagslegrar virkni og geðheilbrigðismál rötuðu oft í fjölmiðla á árinu. Hér eru nokkur dæmi um umfjöllun og þátttöku starfsmanna í kynningarmálum, nefndarstörfum og þátttöku á málþingum.

Fréttaskýringarþátturinn *Spegilinn* á Rás 1 tók fyrir einmannaleik og mikilvægi félagslegra þátttöku þar sem viðtöl voru tekin við þátttakendur í Hlutverkasetri ásamt því að fylgja þeim í sjósund.

Fulltrúar úr Hlutverkasetri tóku þátt í gerð myndbands á vegum heilsugæslunnar sem tengdist mikilvægi góðrar andlegrar heilsu og hvað hægt er að gera í daglegu lífi til að sporna gegn andlegum veikindum. Tekin voru myndskot frá sjósundi og vinnu í listasmiðjunni.

Þrír frá Hlutverkasetri voru í nefnd Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10.okt sem sá um skipulagningu á hátíð sem haldin var í Salnum í Kópavogi. Dagurinn var helgaður sjálfsvígsforvörnum, forvarnarstarfi og geðrækt. Að því tilefni var útbúið myndband með myndum frá notendum og sex orð fylgdu sem tengdust myndinni. Hlutverkasetur tók þátt og var með kynningarbás.

Þáttstjórnendur Heilabrots komu tvisvar sinnum í heimsókn til að fá hugmyndir og sjónarhorn vegna gerð þáttar um geðheilbrigðismál sem sértaklega var ætlaðir ungu fólki og var sýndur á Rúv.

Franskur blaðamaður skrifaði grein um FC Sækó sem bar nafnið. + Ágústa Ísleifsdóttir sat fundi í heilbrigðisráðuneytinu sem notendafulltrúi í tveimur nefndum sem m.a. tóku á að minnka fordóma í garð fólks með geðraskanir

Ágústa Ísleifsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir voru fulltrúar í *Samráðsvettvangi geðúrræðanna* á höfuðborgarsvæðinu. Þær mættu á tvo fundi sem fulltrúar á vegum Heilbrigðisráðuneytisins þar sem fjallað var m.a. um fjölgun notendastarfa. Þær voru fulltrúar Hlutverkaseturs á vinnustofu heilbrigðisráðherra um uppbyggingu árangursríkra geðheilsuteyma, þar sem m.a. var fjallað um samvinnu notenda og þjóstuveitenda. Notandi sem hefur stundað setrið var með kynningu á deginum.

Bergþór G. Böðvarsson sat í stjórn *Geðhjálpar*, í stjórn FC Sækó og átti sæti í tveimur nefndum; *Sjálfstætt líf* á vegum ÖBÍ og nefnd á vegum Velferðarvaktarinnar. Hann var jafningjafræðari í *Bataskóla Íslands* og kenndi námskeiðin *Þekktu þunglyndið* og *Heimspeki og bati*. Hann tók jafnframt þátt í verkefni fyrir iðju og sálfræðinema um hvað jafningafræðari er. Hann hélt erindi um áherslur í starfi með geðsjúkum á starfsdegi ÞekktVel (100).

Elín Ebba Ásmundsdóttir sat málþing á alþjóðadegi heimilisleysis á vegum Velferðarvaktarinnar, velferðasviðs Reykjavíkur, Geðhjálpar og SÁÁ, *Samfélag fyrir alla á ábyrgð allra* þar sem m.a. var kynntur árangur Finna við að minnka heimilisleysi. Henni var boðið á heimildarmyndina *Að sjá hið ósýnilega* um einhverfar konur, þar sem einn skjólstæðingur Hlutverkaseturs var með.

Henni var boðið á uppskeruhátíð Bjargar Árnadóttir sem starfar í Reykjavíkur Akadémíunni í tengslum við Evrópuverkefni sem hún hefur tekið þátt í síðastliðinn 10 ár. Verkefnin hafa tengst fólki sem tilheyrir jaðrinum. Hún fór einnig á kynningu á hennar vegum um ferð hetjunnar *the Heros journey* og sat vinnustofu um sama efni á vegum Spirit of Human. Hún sat ársfund Virk þar sem Hlutverkasetur fékk styrk til atvinnulegrar endurhæfingar. Henni var boðið á vorþing geðsviðs LSH *Vinna með aðstandendum, börnin í fyrirrúmi* á Hótel Sögu. Hún sat fyrirlestur á vegum IPÍ sem nefndist *Og þá opnuðust dyrnar – ferðalag nýsköpunar* haldin í Borgartúni og málþing á þeirra vegum á alþjóðadegi iðjuþjálfunar þar sem nýjustu rannsóknarniðurstöður í faginu voru kynntar.

Hún var með erindi á Egilsstöðum á hamingjudögum í mars í tilefni af Alþjóðlega hamingjudeginum í Ásheimum. Hún sat fundi með fulltrúum *Bruker spör bruker* og starfsfólki Kim sentret, þar sem áframhaldandi samstarf og frekari samstarfsverkefni voru undirbúin. Henni var boðið á vinnustofu með Fionu Morrissey til að gefa endurgjöf á námskeiðið um *Mannréttindamiðaða geðheilbrigðisþjónustu*. Á haustmánuðum tók hún að sér stundakennslu í Bataskólanum ásamt Einar Þór Jónssyni formanni Geðhjálpur sem nefndist *Gróska og gleði*.

Hún sat fræðslufund á vegum BHM, *Kulnun og bjargráð kvenna* í umsjá Sirrýar Árnadóttur. Hún fór á málþing um athyglisbrest hjá Íslenski erfðagreiningu. Hún tók þátt í heilbrigðisþingi á vegum heilbrigðisráðuneytsins, þar sem heilbrigðisstefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónusu til ársins 2030 var kynnt. Hún fór á opnun sýninga þar sem nemendur úr HR vöktu athygli á algengi sjálfsvíga á Íslandi með andlitsmyndum af einstaklingum sem hafa reynt að stytta sér aldur. Hún tók þátt í hugmyndavinnu vegna aðstandendafræðslu í Bataskólanum.

Georg Jónasson fór á fjögurra daga námskeið um *Mannréttindamiðaða geðheilbrigðisþjónustu* ásamt tveimur öðrum notendum í Hlutverkasetri.

Helga Ólafsdóttir fór á fyrirlestur í Háskóla Íslands um áhrif mataræðis og geðraskanir barna. Hún kenndi Aqua Zumba á vegum Félagsmiðstöðarinnar 100og1 í Vesturbæjarlaug. Hún hélt kynningu fyrir starfsfólk þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts á starfstöð þeirra og sá um kynningu á Hlutverkasetri í Salnum í Kópavogi á Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum.

Helga Ólafsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir sóttu málþing á Grand Hótel sem haldið var á vegum Geðhjálpur og Bergsins, *Opnar dyr fyrir okkar fólki*, málþing um geðheilbrigði ungs fólks og uppbyggingu Bergsins, Headspace, lágþröskuldþjónustu fyrir ungt fólk. Þær fóru á morgunfund á vegum Virk, Embæti landlæknis og Vinnueftirlit, sem bar nafnið *Fara teymisvinna og vellíðan saman*. Þær fóru einnig á kynningafund í Norræna húsinu á *Samfélagshraðall*

Sjallræði/startup sem Nýsköpunarsstöð Íslands hélt og var boðið í framhaldinu á uppskeruhátíð þeirra í Ráðhúsi Rvk. Þær sátu morgunverðarfund heilbrigðismálaráðuneytisins um viðmið í umfjöllun um geðheilbrigðismál, *Aðgát skal höfð....* á Grand Hótel. Þær sátu morgunverðafund á Vitatorgi á vegum velferðarnefndarinnar um *málefni heimilislausra*. Þær fóru og kynntu sér nýtt virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar sem nefnist *Karlar í skúrnum* í Breiðholti. Þær fóru ásamt Ágústu og Bergþóri á móttöku á vegum velferðarsviðs Rvk í tilefni af styrkjaúthlutun velferðarráðs fyrir árið 2019. Þær fóru ásamt Sylviane Lecoultre á kynningu þar sem Kolbeinn H. Stefánsson prófessor í félagsfræði kynnti skýrslu sína *Fjöldaþróun örorkulífeyrisþega, 2008-2030*. og einnig á morgunfundinn *Hamingja á vinnustað er alvörumál*, sem Vinnueftirlitið, Virk og Landlæknir stóðu fyrir á Grand Hótel.

María Gísladóttir og Elín Ebba tóku þátt í opunarhátíð *List án landamæra* í Gerðubergi.

Sylviane Lecoultre skrifaði grein í Fréttablaðið; Dánaraðstoð í Sviss. Hún sat í stjórn *Geðhjálpar*, stjórn ÖBÍ og í stjórn *Lífsvirðingar*.

Sylviane Lecoultre og Elín Ebba Ásmundsdóttir sátu fund um þvingaða meðferð í Geðhjálpar þær fóru einning á ráðstefnu á vegum ÖBÍ *Allskonar störf fyrir allskonar fólk* á Hilton Nordica. Þær sátu hátíðarfyrirlestur í HÍ á vegna 40 ára afmæli Geðhjálpar og var boðið í framhaldinu á opnum menningarhátíðarinnar *Klikkuð menning í Bíó Paradís*.

Endurmenntun

Áhersla er lögð á að starfsfólk Hlutverkaseturs sinni endurmenntun með ýmsum hætti.

Anna Henriksdóttir hélt til Finnlands á ráðstefnu í brúðugerð í september hjá UNIMA samtökunum. Hún hefur verið að kenna brúðugerð í Hlutverkasetrinu á nokkrum námskeiðum á undanförunum árum. Einnig hélt Anna áfram endurmenntun sinni með því að taka kvöldnámskeið í Myndlistaskóla Kópavogs í olíumálun, útivatnslitamálun hjá Stephen L. Steppens og helgarnámskeiði hjá Ann Larson Dahlin hjá Vatnslitafélagi Íslands.

Ágústa Ísleifsdóttir fór á vikunámskeið í sumarháskólanum í Galway á vegum ÖBÍ. Í ár var aðal áhersluefni skólans *Réttindi fatlaðra til að eiga fjölskyldu*.

Bergþór Grétar Böðvarsson og Georg Jónasson fóru á fjögurra daga námskeið á vegum Geðhjálpar og Velferðarsviðs Rvk., í samvinnu við WHO sem Dr. Fiona Morrissey stýrði; *Mannréttindamiðuð geðheilbrigðisþjónusta*. Námskeiðið sóttu m.a. forstöðumenn búsetukjarna, fulltrúar hagsmunasamtaka og ráðuneyta. Tveir notendur úr Hlutverkasetri tóku einnig þátt.

Elín Ebba Ásmundsdóttir sat Alþjóðalega ráðstefna á vegum *Spirit of Humanity forum 4th International*. Hún tók einnig þátt í alþjóðlegri ráðstefnu í Þrándheimi í Noregi, *the 9th Network Meeting Connecting people*. Þar komu saman helstu

sérfræðingar í *Open dialogs/Nættværksmóter*, aðferð sem er að ryðja sér til rúms í geðheilbrigðisþjónustunni.

Elín Ebba Ásmundsdóttir og Ágústa Ísleifsdóttirsóttu tveggja daga ráðstefnu á vegum Rótarinnar. *Drögum (kynja)tjöldin frá* sem var í samvinnu við Rannsóknastofu í jafnréttisfræðum (RIKK), Rótarinnar – félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Jafnréttisstofu.

Elín Ebba Ásmundsdóttir, Ágústa Ísleifsdóttir, og Sylviane Lecoultré fóru á vinnustofu hjá Mary O´Hagen á vegum Geðhjálpar *Notum kraftinn sem felst í lífsreynslu okkar til að breyta okkur og öðrum*.

Elín Ebba Ásmundsdóttir og María Gísladóttir sátu ráðstefnu sem var liður í formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni og skipulögði í samvinnu við RIKK – rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við HÍ sem bar heitið *METOO – Moving forward*.

Elín Ebba Ásmundsdóttir og Sylviane Lecoultré fóru á alþjóðlegt málþing í Hafnarhúsinu í tilefni 40 ára afmæli Geðhjálpar þar sem Dr. Kári Stefánsson, Dr. Arnhild Lauveng og Mary O´Hagan voru fyrirlesarar.

Helga Ólafsdóttir fór á námskeið á vegum Endurmenntun Háskóla Íslands sem hét *Stjórnun fyrir nýja stjórnendur*.

Þakkir stjórnar

Krafan um gæði og árangur er í rík í starfi Hlutverkaseturs enda um að ræða starfsemi sem byggir mestmegnis á framlögum opinberra aðila. Það er óhætt að segja að starfið hafi gefið góða raun en það er ekki síst fyrir tilstilli þess samfélags sem verður til á hverjum tíma í Hlutverkasetri. Notendur þjónustunnar og starfsfólk mynda samfélag ásamt mörgum fyrrum notendum þar sem fólk kemur til að hjálpa sér sjálf og um leið að hjálpa öðrum. Sigrar, stórir sem smáir hafa verið margir, sigrar einstaklinga á sínum veikindum og aðstæðum.

Stjórn Hlutverkaseturs vill þakka einstöku starfsfólki, sjálfboðaliðum og þátttakendum fyrir gott samstarf og þeirra framlag á árinu. Þá vill stjórnin þakka styrktaraðilum, samnings- og samstarfsaðilum og þeim sem boðið hafa þátttakendum Hlutverkaseturs á ýmsa listviðburði, fyrir þeirra mikilvæga framlag á árinu 2019. Það er óhætt að segja að samningur Hlutverkaseturs við Vinnumálastofnun sé hryggjarstykkið í starfi Hlutverkaseturs og því var ánægjulegt að samningurinn skuli hafa verið endurnýjaður á árinu. Stjórnin hvetur þó stjórnvöld að fjárfesta áfram þannig í þessum mikilvæga málaflökki þannig að samningar haldi í við verðlag en svo hefur ekki verið frá 2016. Samningurinn við Reykjavíkurborg var einnig endurnýjaður á árinu sem skiptir Hlutverkasetur gríðarlega miklu máli.

Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni og sérstaks þakklætis til Bergmáls, líknar- og vinarfélags og Samhjalpar fyrir að styðja aftur við hina árlegu sumarbústaðaferð sem er starfsfólki og notendum Hlutverkaseturs mikilvæg.

Að takast á við einsemd, mikilvægi virkni og stuðnings á vinnumarkaði er ein stærsta áskorun samfélagsins í dag. Sem betur fer eru stjórnvöld og samfélagið að vera meðvitaðra um viðfangsefnið. Í þeim hröðu samfélagsbreytingum sem við nú upplifum er það enn mikilvægara en áður að Hlutverkasetur verði stutt í því markmiði sínu að sporna gegn félagslegri einangrun og einsemd, sem eru helstu áhættuþættir heilsu og velferðar fólks í nútímasamfélagi.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar